

Vísindamenn á ráðstefnu um Suðurlands-skjálftann:

Það er ekki spurning hvort Suðurlandskjálftinn margumtalaði kemur — aðeins hvenær. Jarðhræringarnar gætu skolið yfir í náinni framtíð en þær gætu einnig dregist í áratugi. Þetta kom fram á ráðstefnu Jarðfræðifélags Íslands um rannsóknir á jarðskjálftum, en hún var haldin í Reykjavík í gær.

Skjálftinn kemur en óvíst hvenær

A fundinum báru vísindamenn saman bækur sínar og haldin voru 16 erindi. Víkið var að ýmsu í sambandi við mælingar á jarðskorpunni og jarðskjálftum en einnig var minnst á þátt óbreyttra borgara. Páll Halldórsson frá Veðurstofu Íslands sagði að hægt væri að komast að ýmsum niðurstöðum ef rætt er um

það hvenær næsti Suðurlandskjálfti skellur á. Í máli hans kom fram að allt færi það eftir þeim forsendum sem vísindamenn gæfu sér. Þannig mætti komast að þeirri niðurstöðu að skjálftinn kæmi á næstu árum eða hann riði ekki á fyrr en kringum árið 2040. „Það er of mikið horft til jarð-

fræðinganna, en eins og nú er komið eru þeir langt frá því að geta sagt fyrir um jarðskjálfta,” sagði Sveinbjörn Björnsson hjá Raunvísindastofnun háskólans. Í máli hans kom fram að alltaf væri vitað að einn góðan veðurdag myndu jarðhræringarnar á Suðurlandi skella á. Þá væri komið að hlutverki annarra manna, til dæmis sveitar-

stjórnarmanna sem ættu að setja sínu byggðarlagi viðmiðunarmörk fyrir áhættu á jarðskjálftasvæðum og taka ákvarðanir í samræmi við þau. Leiðir til að minnka áhættu gætu verið styrking mannvirkja, strangari staðlar og fræðsla um skjálfta. -AE.

Frá Eþíópíu til Kröflu

Fjórir Eþíópíumenn dvelja hér á landi þessa dagana, allt háttsettir menn í sínu heimalandi. Eru þeir hingað komnir til að kynna sér jarðhita- og vatnsveitumál svo og möguleika íslenskra sérfræðinga og fyrirtækja á að veita ráðgjöf og taka þátt í framkvæmdum á því sviði. Eþíópísku gestirnir hitta forseta Íslands að máli, ræða við utanríkisráðherra, heimsækja ýmsar stofnanir og að öllum líkindum fara þeir að Kröflu. Gestirnir heita: Alem Al-Azar, yfirmaður landsnefndar um vatnsöflunarmál, Eshetu H. Btemariam, skipulagsstjóri hjálparsta fs. Getahun Demissie, framkvæmdastjóri Jarðrannsóknastofnunar Eþíópíu og Mabrathu Fesseha framkvæmdastjóri. Í lok heimsóknarinnar munu Eþíópíumennirnir verða viðstaddir setningu Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna 15. apríl. Eins og kunnugt er munu þeir eþíópískir nemendur stunda þar nám á næsta skólaári. -EIR.



Einn félaganna í Myndhöggvarafélaginu, Arni Páll Jóhannsson, við ána sína og stólinn. DV-mynd GVA.

„NÝ GULLALDARVERK“

„Sýningin er úttekkt á stöðu höggmyndalistar á Íslandi,” sagði Ragnar Kjartansson um sýningu 20 félaga í Myndhöggvarafélaginu á Kjarvalsstöðum. Sýningin verður opnuð á morgun kl. 14.00. Þar getur að líta 47 verk sem komið hefur verið fyrir í vestursalnum og á stéttinni fyrir sunnan húsið. „Þetta er andlega skyldur hópur en sundurleitur,” sagði Ragnar ennfremur. „Verkin spanna allt frá popplísi, klassík og afstrakt til

naivismi.” Efnid er ekki síður fjölbreytt en stíllinn. A sýningunni er regnbogi úr salti, selaskytta úr steinleir, uppstoppuð ær, örn og marglytta úr járn, hafmey með klofinn sporð og er þá fátt eitt upptalið. „Það eru engar ýkjur þótt talað sé um blónaskeið í íslenskrri höggmyndalist um þessar mundir,” sagði Ragnar. „Aðstaða myndhöggvara batnaði mikið eftir að félagið fékk aðstöðuna á Korpúlfsstöðum. Áður höfðum við verið með

útisýningar í Reykjavík, bæði á Skólavörðuholti og Lækjartorgi en urðum að hrökklast þaðan vegna skemmdarverka. Þetta gekk svo nærri félaginu að sýningar féllu niður um tíma. En nú eru betri tímar runnir upp og starfið eflist ár frá ári,” sagði Ragnar að lokum. Sýningarskráin sem Myndhöggvarafélagið gefur út af þessu tilefni er með veglegri móti. Er það yfirlitsverk um íslenska höggmyndalist, falletgjórit. GK.

Greiðslujöfnun fram-tíðarlausn?

Greiðslujöfnun getur verið lausnarorðið fyrir hrjóa húsbýggjendur og húskaupendur í framtíðinni. Hvernig henni verður háttað liggur ekki ljóst fyrir. Nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar vinnur að því að komast að niðurstöðu. Hins vegar kemur skýrt fram hvað felst í greiðslujöfnun í greinargerð sem fasteignamarkaðsnefndin hefur unnið. Greiðslujöfnun felur í sér að lán-takandi eyðir alltaf sama hlutfalli launa sinna á hverjum tíma sama hvað á dynur. Þessi leið felur í sér að þegar blæs öbyrlega í þjóðfélaginu geti lán-takandi flutt til afborganir. Hins vegar hækkir afborganir ef laun hækka til dæmis upp fyrir lánskjaravísitöluna. Þá leggur nefndin til að tekin verði upp ný vísitala til að mæla breytingar á launum. -APH.

Í dag mælir Dagfari Í dag mælir Dagfari Í dag mælir Dagfari

Ríkisreknir sjálfstæðismenn

Á sama tíma og blásið er til landsfundar hjá Sjálfstæðisflokknum hefur verið lögð fram þingsályktunartillaga á alþingi um móttöku sjónvarpssefnis frá fjarskiptahnöttum. Tillaga þessi er flutt af þrem þingmönnum sem kosnir voru á vegum Sjálfstæðisflokksins í síðustu kosningum. Hún er augljóslega lögð fram í heidurskyni fyrir landsfundinn og tímasetningin valin til hátíðabrigða ef vera skyldi að landsfundarfulltrúar vildu fá að vita um stefnumótun þingmanna sinna varðandi útvarps- og sjónvarpsmál. Kemur það ekki á óvart. Útvarps- og sjónvarpsmál hafa verið ofarlega á baugi í vetur og ekki óeðlilegt að landsfundur vilji fá linuna frá innstu koppum hvert flokkurinn ætli að stefna í þeim málum. Frumvarp til nýrra útvarpslaga var lagt fram af menntamálaráðherra á síðastliðnu hausti þar sem gert var ráð fyrir að frumvarpið yrði að lögum fyrsta nóvember síðastliðinn. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, frumvarpið velkst í nefnd og eftir því sem fréttir herma af þingi og breytingartillögur bera með sér hafa sjálfstæðismenn talið rétt að

efla Ríkisútvarpið á alla enda og kanta á sama tíma og þeir leggja til skatta og skilyrði á svokallaðar frjálsar stöðvar. Er nú svo komið að þingmenn, og þá sjálfstæðismenn meðtaldir, vilja leggja sig fram um að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins með því að efla það. Verður ekki betur séð en að frelsisást Sjálfstæðisflokksins hafi gúfað upp í þingnefnd, enda reikna fæstir með því að frumvarpið fái afgreiðslu á þessu vori. Þessi niðurstaða kemur heim og saman við áður nefnda þingsályktunartillögu um móttöku sjónvarpssefnis, enda væru mennirnir varla að flytja sérstaka tillögu um einn þátt þessa máls ef þeir hefðu minnstu von um að útvarpslagafrumvarpið fengi afgreiðslu. Þess vegna vilja þeir afgreiða gervihnattamóttökuna sérstaklega. Nú væri það góðra gjalda vert ef svo sérkennilega vildi ekki til að í hinni nýju stefnumótun er gengið hreinna til verks en áður. Nú er frelsisástandið endanlega lagt til hliðar og gengið út frá því í tillögunni að útsendingar sjónvarpssefnis frá gervihnöttum verði í höndum Pósts og síma og Ríkisútvarpsins. Ríkið á að sjá um mót-



töku og útsendingu þegar dagskrá íslenska sjónvarpsins er ekki send út! Hvergi er einu orði minnst á rétt eða möguleika einkaöðla til að taka við gervihnattaefni. Hvergi er einu orði minnst á útvarpsfrelsi til handa

öðrum. Þremmenningarnir, sem sjálf-sagt eiga eftir að kynna þessa tillögu sína á landsfundinum, hafa sem sagt markað þá stefnu að best sé að láta ríkið eitt um hituna. Og það allra minnst á útvarpsfrelsi til handa

íslenska sjónvarpið hefur lokið sér af! Nú var það vitað að vinstri flokkarnir á Alþingi hafa litla trú á auknu frelsi í útvarpsmálum. Að framan er rakið hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur útbíð frelsið sitt í þingnefnd. En að þingmennirnir hafi endanlega gefist upp á frjálsræðinu kemur áreiðanlega fleiri en landsfundarfulltrúum á óvart. Þeir flutningsmennirnir Gunnar Schram, Birgir Ísleifur og Friðjón Þórðarson hafa sjálfsagt allir verið kosnir í þeirri trú kjósenda að þær færu unndendur frelsis og framtaks. En annaðhvort hafa þeir fengið högg á höfuðið eða þá að þeir hafa farið flokkavíllt. Ef þeir þremmenningarnir eru þeirrar skoðunar að útvarpsfrelsi sé óhugsandi við sjónvarpsmóttök frá gervihnöttum þá er auðvitað miklu viðkunnalegra að þeir gangi strax í Framsóknarflokkinn. Nema landsfundurinn leggi blessun sína yfir þessa þingsályktunartillögu. Þá fara landsfundarfulltrúar húsavíllt. Miðstjórnarfundur Framsóknar hefst ekki fyrr en um næstu helgi. Dagfari